



Námsnefnd um starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun á Menntavísindasviði Háskóla Íslands telur mjög brýnt að breytingar á lögum um háskóla fjalli um möguleika þessa hóps á að sækja nám í háskóla og eiga kost á að vera hluti af námssamfélagi háskólans.

Á Menntavísindasviði Háskóla Íslands er starfrækt tveggja ára starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun. Það er eina námið sem boðið er upp á fyrir fólk með þroskahömlun í háskóla á Íslandi. Inn í námið eru teknir um 15 nemendur á tveggja ára fresti. Það eru mun fleiri sem sækja um námið en hægt er að veita skólavist og því ljóst að það er vöntun á námi fyrir þennan hóp. Til að mynda var ekki hægt að veita 10 umsækjendum skólavist árið 2019, 21 árið 2017 og 33 árið 2015.

Námið er skipulagt í samræmi við yfirlýsta alþjóðlega stefnu hagsmunasamtaka fólks með þroskahömlun, mannréttindasáttmála sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig að fara eftir og þá sérstaklega samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2013), stefnu Háskóla Íslands og stefnu um skóla án aðgreiningar. Námið hefur verið í sífelldri þróun frá upphafi og hefur verið í boði síðan 2007. Oft hefur verið óvissa um hvort námið fái brautargengi til að halda áfram innan háskólans. Það er því rík þörf á að styrkja lagalega ramma þessa náms í lögum um háskóla og festa það í sessi svo það eigi þess kost að þróast áfram og verða í boði á öðrum sviðum háskólans.

Það er mikilvægt að fólk með þroskahömlun sem útskrifast af starfsbrautum framhaldsskólanna hafi tækifæri til fjölbreytts háskólanáms í takt við það sem samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks kveður á um sem ekki er raunin eins og staðan er í dag. Það er von okkar að það verði breyting þar á og að fólk með þroskahömlun sem lokið hefur framhaldsskólamenntun hafi um fjölbreytt nám að velja í háskóla. Ávinningurinn er mikill en rannsóknir sem gerðar hafa verið á reynslu nemenda sýna fram á aukna samfélagsþátttöku, meiri möguleika á atvinnu, sterkari sjálfsmynd og opnara og fjölbreyttara samfélag.

Mennta- og menningarmálaráðherra stofnaði verkefnishóp í október 2018, um úrbætur í menntun, atvinnu og tómstundum fyrir nemendur sem lokið hafa námi á starfsbrautum. Samkvæmt tillögum hópsins þarf að fjölga námstilboðum í háskóla, þar sem færri komast að en vilja. Hópurinn telur einnig mikilvægt að háskólar séu hvattir til að auka við menntunartækifæri þessa hóps

Háskólar gegna mikilvægu samfélagslegu hlutverki í því að byggja upp nútímalegt þekkingarsamfélag og búa nemendur undir þátttöku og störf á fjölmörgum sviðum þess, eins og fram kemur í stefnu Háskóla Íslands 2016-2021. Í alþjóðlegum yfirlýsingum um störf og hlutverk háskóla er iðulega vísað til „þriðja verkefnis“ (e. third mission) háskólanna, þar sem átt er við að verkefni þeirra snúi ekki eingöngu að því að rannsaka og fræða heldur einnig að taka samfélagslega ábyrgð og verða samfélaginu að gagni.

Nú þegar verið er að breyta lögum um háskóla nauðsynlegt að huga sérstaklega að fólki með þroskahömlun og skýra möguleika þeirra til náms á þessu skólastigi. Það er mikilvægt fyrir þennan hóp en ekki síður aðra nemendur í háskóla og samfélagsins alls. Að vera virkur þátttakandi og að tilheyra er ein mikilvægasta forsenda fyrir góðu samfélagi.

Virðingarfyllt

Fyrir hönd námsnefnd um starfstengt diplómanám

Ágústa Björnsdóttir verkefnastjóri starfstengds diplómanáms

Helena Gunnarsdóttir verkefnastjóri starfstengds diplómanáms

Nikola Colic nemandi í starfstengdu diplómanámi

Jakob Frímann Þorsteinsson - umsjónarmaður námsleiðar

Ruth Jörgensdóttir Rauterberg, aðjunkt